



Alþingi
Erindi nr. P 130/807
komudagur 21.1.2004

Jafnréttisstofa

Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingi
150 Reykjavík.

Akureyri 20. janúar 2004.

Efni: Umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996, með síðari breytingum.

Með bréfi dags. 8. desember 2003 óskaði nefndin eftir umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til breytinga á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996, með síðari breytingum. Eftirfarandi er umsögn stofnunarinnar:

Markmið laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 er að viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Hlutverk Jafnréttisstofu er m.a. skv. 3. gr. 1. nr. 96/2000 að fylgjast með þjóðfélagsþróuninni í jafnréttismálum m.a. með upplýsingaöflun og rannsóknum og hafa eftirlit með framkvæmd laganna. Þegar framangreint frumvarp er skoðað verður ljóst að frumvarp þetta snertir kynin á misjafnan hátt. Samkvæmt upplýsingum frá launaskrifstofu ríkisins var fjöldi ríkisstarfsmanna sem voru greidd mánaðarlaun þann 1. des. 2003, eftirfarandi:


Karlar: 6.224

Konur: 9.560

Ekki reyndist unnt að fá nánari upplýsingar um þennan lið. Um er að ræða það starfsfólk sem er innan vébanda stéttarféлага opinberra starfsmanna, en þá er ekki talið með það starfsfólk sjúkrastofnana sem sinnir umönnunarstörfum eða þeirra sem vinna við þjónustu fatlaðra sem enn er á vegum ríkisins og starfa innan stéttarféлага ASÍ. Því má ætla að kynjahallinn sé enn meiri.

Jafnréttisstofa vill því benda á að áhrif umrædds frumvarps um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum, kemur til með að hafa áhrif á mun fleiri konur en karla. Í þessu sambandi er einnig rétt að benda á að staða kvenna á vinnumarkaði er almennt lakari en karla.

Virðingarfyllt


Margrét María Sigurðardóttir framkvæmdarstjóri.